

## REGLUR

107

12. júní

### um veitingu mótorrafstöðvalána úr raforkusjóði.

1. Raforkusjóður veitir lán samkvæmt 4. tölulið 35. gr. raforkulaganna allt að þeirri upphæð samtals, sem veitt er sérstaklega í fjárlögum í þessu skyni. Slik lán verða í reglum þessum nefnd mótorrafstöðvalán. Ekki má veita slík lán til mótorrafstöðva, sem eru minni en 3 kw. að stærð.
2. Umsóknir um mótorrafstöðvalán sendist raforkumálastjóra. Umsókninni fylgi kostnaðaráætlun og upplýsingar um tegund og stærð véla þeirra, sem notaðar eru eða áætlað er að nota í stöðina og um tilhögun hennar. Raforkumálastjóri getur sett skilyrði um gerð og tilhögun mannvirkjanna. Hann gengur úr skugga um, hvort fullnægt er skilyrðum raforkulaganna og þessara reglna um lánveitingu til rafstöðvarinnar.
3. Raforkumálastjóri gerir, að undangenginni rannsókn og að fenginni umsögn raforkuráðs, tillögur til ráðherra um veitingu mótorrafstöðvaláns úr raforkusjóði.
4. Að fenginni skriflegri heimild frá ráðherra í hvert sinn eða samkvæmt fyrir-mælum hans veitir raforkumálastjóri mótorrafstöðvalán úr raforkusjóði meðan upphæð sú endist, sem um ræðir í 1. grein, og skal lántaki gefa út undirritað skuldabréf, þar sem fram er tekið til hvaða tíma lánið er veitt og með hvaða kjörum. Skal skuldabréfið, ásamt bréfi ráðherra svo og umsókn, áætlun og öðrum skilríkjum geymast í skjalasafni sjóðsins og vaxta- og afborgana-greiðslur færast inn á skuldabréfið jafnóðum og greiðslur fara fram.
5. Vextir af mótorrafstöðvalánum skulu vera 2½% og greiðast eftir á árlega. Lánin mega vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan upp með jöfnum afborgunum á 7 árum eða fyrr, ef lántaki óskar þess.
6. Lánið kemur ekki til útborgunar fyrr en byggingu stöðvarinnar er lokið og hún hefur verið tekin út af raforkumálastjóra eða fulltrúa hans og gengið úr skugga um, að stöðin fullnægi settum skilyrðum.
7. Lánið má nema allt að ⅓ stofnkostnaðar mótorrafstöðvarinnar, enda sé stofnkostnaður hæfilegur að dómi raforkumálastjóra.
8. Til tryggingar skilvísnum greiðslum vaxta og afborgana skal lántaki, auk veðs í rafstöðinni, leggja fram tryggingu, sem raforkumálastjóri tekur gilda.

Reglur þessar eru settar samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, sbr. lög nr. 58 25. maí 1949, um breyting á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnumálaráðuneytið, 12. júní 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*